



Reykjavík, 19. júní 2019

TRÚNAÐARMÁL

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Útisalerni í miðborginni. Framlenging á samningi við EHermannsson ehf, AFA JCDecaux Ísland ehf.

Á grundvelli f- liðar 1. mgr. 44. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar er óskað eftir heimild innkauparáðs að framlengja samning milli Reykjavíkurborgar og EHermannsson ehf. um leigu og rekstur á útisalernum í Reykjavík. Um er að ræða 6 útisalerni á miðborgarsvæði.

Gildandi samningur rennur út 30. júní næstkomandi.

Alls hafa verið greiddar 417.821.976 kr. í leigu á salernum frá árinu 2001. Sé sú fjárhæð uppreiknuð út frá byggingavísitölu, hafa alls 590.679.226 kr verið greiddar yfir gildistíma samningsins.

Til að ekki verði þjónustufall er nauðsynlegt að framlengja ofangreindan samning til áramóta enda væri það í samræmi við f- liðar 1. mgr. 44. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, sbr. f-lið 1. mgr. 90. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, enda yrði samanlagt heildarverðmæti breytinga á upphaflega samningnum undir þar til greindum 10% af heildarverðmæti hans. Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á verðmæti samningsins eru í samræmi við fyrirmæli í seinni málslið 2. mgr. 90. gr. laganna enda skal samkvæmt því ákvæði miða útreikning á verðmæti samnings við uppfært verð þegar samningurinn hefur að geyma ákvæði um verðbætur.

Því er óskað eftir að innkauparáð samþykki, í ljósi þessarara óvenjulegu aðstæðna, að framlengja ofangreindan samning til 31. desember 2019 en að þeim tíma loknum verði annaðhvort búið að vinna að nýju salernisútboði, eða að það fallið verði frá þessari tilteknu þjónustu.

Áætluð upphæð á framlengdum samningi er um 18 mkr. með virðisaukaskatti.

Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins